

Nefnda- og greiningasvið Alþingis
Tjarnargata 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2024

Efni: Umsögn FÍN vegna 831. máls. Náttúruverndar- og minjastofnun.

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra hefur lagt fram frumvarp að lögum um Náttúruverndar- og minjastofnun, sbr. þingskjal 1249 – 831. mál.

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) lagði fram umsögn um fyrirhugaða sameiningu fimm stofnana ráðuneytisins í tvær – mál nr. 168/2023, sbr. meðfylgjandi bréf, dags. 4. október 2023, sem m.a. er fjallað um í greingerð með fyrrgreindu frumvarpi að lögum. Félagið vísar til og ítrekar það sem fram í þeirri umsögn greinir, eins og við getur átt.

FÍN fagnar að tekið hafi verið tillit til þeirra atriða sem FÍN hefur bent á, þ. á m. hvað varðar rétt til námsleyfis og ávinnslu lengdan uppsagnarfrest. Aftur á móti er ekki tekið af skarið hvað varðar meintan forgang að störfum og hver framkvæmd skuli vera. Í raun situr starfsfólk enn undir þeirri óvissu hvort nýjum forstjóra hugnist bjóða þeim starf hjá hinni nýju stofnun út frá greiningu mannauðshóps eður ei. Vill FÍN ítreka það sem fram kemur í meðfylgjandi umsögn, dags. 4. október 2023, hvað þetta varðar. Félagið er á þeirri skoðun að það sé mun heillavænlegra að það komi skýrt fram að störf verði lögð niður hjá undirliggjandi stofnunum og öllum verði boðið starf hjá hinni nýju stofnun og þannig verði öllum vafa eytt hið fyrsta. Hin leiðin er líka fær að flytja starfsfólk yfir til hinnar nýju stofnunar með réttindum og skyldum, þ.e. á grundvelli aðildaskiptalaga nr. 72/2002.

Félagið telur það heillaskref að unnt verði að skipa forstjóra hinnar nýju stofnunar áður en hún tekur til starfa, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þótt stofnanasamningar eru ekki hluti af lagasetningu þá vill FÍN upphefja mikilvægi slíkra og að skýrir stofnanasamningar liggi fyrir áður en stofnunin hefur störf og starfsfólk kemur inn sem og að slíkir stofnanasamningar taki gildi hið minnsta frá þeim degi sem ný stofnun tekur til starfa. Leggja þarf áherslu á að kjör starfsfólks hjá hinni nýju stofnun verði skýr þannig að starfsfólk viti að hverju það gengur og þarf ráðherra og forstjóri því að koma þeirri vinnu í ferli sem allra fyrst. Að öðrum kosti er algjör óvissa um kjör starfsfólks og verulegar líkur á kjararýrnun sem getur þá leitt til flóttu, óróleika, slæmum starfsanda og missi þekkingar, sem getur leitt til þess að markmið með sameiningunni náist ekki.

Í ljósi mikilvægi samráðs þá óskar FÍN eftir að koma á fund nefndarinnar og ræða umsögn félagsins, koma á framfæri frekari skýringum og upplýsingum sem og fyrirbyggjandi lagafrumvarp.

Virðingarfyllst f.h.

Félags íslenskra náttúrufræðinga



Marianna H. Helgadóttir



Runólfur Vigfússon, hdl.

Hjálagt:
Umsögn FÍN, dags. 4. október 2023